# Ræða flutt á Akureyri, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður - Akureyri

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður
Askja 4-5, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Góðir fundarmenn, konur og karlar!

Fyrir rúmu einu og hálfu ári kom ég á fund hér á Akureyri og gerði einkum að umræðuefni þá blekkingu, að hægt væri að lækna allar meinsemdir efnahagslífsins með eyðingu hins svokallaða milliliðagróða. Sú reynsla, sem síðan er fengin, og þá ekki síst frá því að hin svokallaða vinstri-stjórn tók við völdum í júlí s.l. sannar, að það, sem ég þá sagði, var rétt. Að talið um, að milliliðagróði væri undirrót meinsemdanna, var blekkingin einber. Mennirnir, sem þá héldu þessu fram, hafa nú verið við völd í tæpa 9 mánuði og með eigin aðgerðum sannað, að þeir vita vel, að vandinn er allt annar. Þeir hafa að vísu reynt að þrengja hag sumra þeirra, sem þeir telja milliliði, og eru þær ráðstafanir svo fráleitar sem þær að nokkru eru, og eru þó aðeins tiltölulega lítilvægur liður í þeim aðgerðum, sem að sögn hafa verið gerðar til að stöðva hækkun kaupgjalds og verðlags, eru þó flestar unnar fyrir gýg. En er það

þá ekki aðeins marklaust aðfinningarnöldur, þegar ég fullyrði að svo hafi til tekizt.

Ríkisstjórnin setti að vísu lög til bráðabirgða í ágúst, sem gilda skyldu til áramóta um bindingu kaupgjalds og verðlags. Voru launþegar þar með sviftir rétti til kauphækkunar, sem nam 6 vísitölustigum. En á meðan sjálf lögin voru í gildi, beitti S.Í.S. sér, undir forystu fjármálaráðherrans, fyrir því að hækka grunnkaup fastlaunastarfsmanna fyrirtækisins um 8%. Um svipað leyti áttu stjórnarliðað ásamt öðrum þátt í, að kaup blaðamanna var hækkað um hér um bil 10%. Þetta gerðist á meðan kaupbindingarlögin voru í gildi. Í þeirra stað kom svo jólagjöfin, sem nefnd hefur verið, og þarmeð var staðfest að launþegar skyldu til frambúðar missa 6 stiga uppbótina, sem þeir höfðu verið sviftir til bráðabirgða, en að öðru leyti átti að gilda frjálsræði í þessum efnum. Með þessum lögum voru lagðir á nýir skattar um 250-300 milljónir króna. fylgdi að þarna væri í raun og veru ekki um skatta að ræða, heldur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins og gjöldin yrðu léttari með því að velja þeim slíkt heiti:

aðeins um millifærslu. Eins og á stóð og úr því xxx að ekki varð samkomulag um aðrar róttækari ráðstafanir , má segja að eitthvað í þessa átt hafi verið óhjákvæmilegt. Sá galli var á, að engin grein var gerð fyrir því, hver þörfin væri, hversu miklar uppbætur ættu til útgerðarmanna og sjómanna skyldu í raun og veru nema. Það var ekki fyrr en löngu síðar , sem Lúðvík Jósefsson upplýsti í umræðum á Alþingi um allt annað mál, að sjómenn hefðu með þessum ráðstöfunum fengið 15-18% kauphækkun fyrirhafnarlaust. Eins ~~hefur verið fullyrt~~ munu tilætlunin hafa verið, að útgerðarmenn ~~hafi átt að~~ skyldu fá verulegar bætur sér til handa með þessum lögum, en enn er óvíst, hversu miklar þær ~~séu~~ eru eða haldgóðar.xxxxxkjörxx betri kjör sjómönnum og útgerðarmönnum til handa ~~eru~~ eflaust réttmæt, en þess ~~er~~ var að krefjast, að áður en Alþingi ~~tekur~~ tæki ákvörðun svo gífurlega skattálagningu til viðbótar öllu öðru til að gera ~~þær ráðstafanir~~ þessar hækkanir mögulegar og ~~séu því~~ væri þá nauðsyn þeirra skýrð og ~~ker~~ alþjóð gerð grein fyrir öllum atvikum. Sú greinargerð féll niður en í hennar

Fróðir menn vefengja raunar, að hækkunin sé svo mikil og er það athugunarefni fyrir sig.

Þó að hvorugt þurfi til stöðvunar kaupgjalds eða verðlags, þó vonum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stað var reynt að fela þetta allt í sem allra mestri hulu . Á sama veg hefur til skamms tíma verið erfitt að átta sig á, hvernig gjöldin í einstökum atriðum raunverulega kæmi niður. Því fer fjarri, að þar sé öll kurl komin til grafar enn. Þessi aðferð hjá þeim mun fráleitari sem ríkisstjórnin hafði í upphafi heitið úttekt þjóðarbúsins fyrir opnum tjöldum, á þann veg, að allir gætu áttað sig á, hvað gera þyrfti og gert yrði. Því fór fjarri að kaupshækkunum væri lokið með þessum ráðstöfunum. Eftir áramótin voru verkföll í tveimur verstöðvum, Akranesi og Grindavík, sem báðum lyktaði með kauphækkunum. Þá kom verkfall flugmanna, sem ríkisstjórnin skarst í leikinn til að leysa með gjaldeyrisfríðindum á þann veg, að kunnugir fullyrða að raunveruleg kauphækkun þessum aðilum til handa hafi numið milli 3o-40% . Þá kom 4 vikna verkfall, hjá kaupskipaflotanum, og lauk því með hækkun allt að 8%, Hafði S.Í.S. og Ríkisskip alla forystu um þá hækkun, enda ásakaði Tíminn eftir á Eimskip beinlínis fyrir ósáttfýsi í deilunni. Þ.e.a.s. að hafa ekki

undanlátsemi við kauphækkunarkröfunum. Um svipað leyti hækkaði ríkisstjórnin niðurgreiðslu til mjólkur bænda um 7 aura líterinn, og xxx ~~þetta~~ að verulegu leyti til ~~þeirra sjálfra og hækkun á þeirra tekjum.~~

Þegar á allt ~~þetta~~ er litið gegnir furðu að sá fjandskapur, sem Tíminn og Þjóðviljinn hafa gert sig bera að út af ~~breytingum~~, sem Iðju-fólki var veitti. Það hafði orðið aftur úr vegna meiri umhugsunar forustumanna kommúnista, sem xxxxxxx stjórnað höfðu félaginu, ~~um önnur efni~~ en hag skjólstæðinga sinna. ~~Þó var einkum um það að ræða, að~~ leiðrétta hlut lægstlaunuðu kvennanna, og hefur Tíminn fordæmt það mjög, jafnframt því, sem hann fagnar samþykkt Alþingis um alþjóðlegri skuldbindingu, til að greiða konum og körlum jöfn laun. Ekki hefur Tíminn enn hafið árásir út af hækkun, sem verkakvennafélög í Reykjavík og Hafnarfirði fengu nýlegameð alveg sama hætti og í Iðju-fólk. Ef til vill er það vegna þess að Iðjufélög lúta einhliða forystu xxxxx Alþýðuflokkskvenna. Þá greiddi ríkisstjórnin

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einnig beinlínis fyrir því, að yfirmenn á togurum fengu nýlega hækkun aflaverðlauna, sem nemur allt að 40%. Samfara öllu þessu hefur svo almennt verðlag hækkað í landinu. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar eiga þar ríkan þátt í . Er þeim þó þannig fyrir komið, að vísitalan gefur nú lakari og fjarstæðari mynd af hinu raunverulega verðlagi en nokkru sinni áður. T.d. koma ekki fram í henni hinar gífurlegu verðhækkanir, sem orðið hafa vegna okurálagningar olíuflutninganna með Hamrafellinu, Þrátt fyrir þetta hefur vísitalan hækkað um 4 stig á mánuðinum febrúar lok. Má betur átta sig á þýðingu þeirrar hækkunar þegar haft er í huga, að vísitalan í upphafi verkfallsins mikla 1955 var lægri en hún hafði verið í árslok 1952. Engu að síður var það haft aðalrök á móti þáverandi ríkisstjórn, undir forystu Sjálfstæðismanna, að hún réði ekki við verðlagsmálin. Þegar á þessar staðreyndir er litið, verður skiljanlegra að Bragi Sigurjónsson, sem nýlega hefur haldið ræðu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um stjórnarsamstarfið í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur, komist svo að orði, sem hann gerir. Bragi ~~ætti að tala hóflegra og~~ hrósar að sjálfsögðu sínum mönnum stjórnarsamstarfinu. ~~og sérstaklega Alþýðuflokknum~~, Við því er að búast, Slíkt er tekið með hæfilegum afskriftum eins og gengur. En því meira er að marka sem hann segir um ástandið í heild. Frásögn Alþýðublaðsins s.l. fimmtudag sagði Bragi svo:

"Samkvæmt öllum aðdragandi stjórnarmyndunar þessarar væri því ekki óeðlilegt að halda því fram, að hún hefði verið gerð með þetta þrennt fyrir augum fyrst og fremst:

1. Að leysa efnahagsvandræðin
2. að láta herinn fara.
3. að sanna gagnsemi þess verðandi vinnufriðinni í landinu, að verkalýðsflokkarnir stæðu að ríkisstjórn.

Ræðumaður kvaðst ekki draga fjöður yfir það, að hinn vinstri kjósandi hefði á ýmsan hátt orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með ríkisstjórnina.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Efnahagsaðgerðirnar í vetur væru að dómi hans bráðabirgðarúrræði, engin frambúðarlausn, enda þótt þær hefðu verið sanngjarnlegar lagðar á almenning í ár en 1956. Það væri með almenningi djúpstæð andúð á styrkjastefnunni, a.m.k. eins og hún væri nú alltaf framkvæmd."

Hinsvegar sagði ræðumaður, að stöðvun sú, er gerð var á kaupgjaldi og verðlagi hefði þótt spor í rétta átt og lækkun álagningar í heildsölu mælzt vel fyrir. Þá þætti ríkisstjórnin taka myndarlega á húsbyggingamálunum og forysta hennar um skyldusparnað ungmenna í því sambandi réttmæt.

Dómur Braga er mjög eftirtektarverður, en einnig það að þrátt fyrir það hefur Alþýðusambandsstjórnin skorizt í leikinn og skorað á félög sín að segja ekki upp gildandi kaupsamningi. Leynir sér ekki að sú samþykkt var gerð af pólitízkum ástæðum, eingöngu miðuð við það að skapa kommúnistum skjól í ríkisstjórninni á meðan þeir búa enn betur um

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sig þar en í þjóðlífinu í heild. Það er staðreynd, að fjöldi launþega hefur haft þessa áskorun að engu. Segir Bragi um það efni orðrétt:

"Þessu næst vék ræðumaður máli sínu að því, að í fyrra hefði sú skoðun verið mjög útbreidd, að aðild Alþýðubandalagsins, auk Alþýðuflokksins að ríkisstjórn mundi veita frið fyrir kaupdeilum. Meðal annars hefði forseti A.S.Í., Hannibal Valdimarsson, haldið þessari skoðun mjög á lofti.

Nú sýndist almenningi þetta ekki á einhlýtur sannleiki og þætti ýmsum forysta verkalýðsflokkanna þar heldur slæleg, svo að jafnvel lægi við álitshnekki af, ekki síst Alþýðubandalaginu, af því að það hefir haft hátt um tök sín á verkalýðshreyfingunni,, en miklu alvarlegra væri hitt fyrir launþegasamtökin sjálf, að sú skoðun er tekin að grafa um sig, að það sé ekkert sáluhjálparatriði við stjórnarmyndun, að þau eigi formælendur í ríkisstjórn, enda sýni þau það ekki, a ð þau meti meti það mikils.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þjóðarinnar. Þetta hlýtur að magna flokka-
drætti og baráttu, sem lög ná ekki til, skapa
svipað ástand og hér var um þær mundir er við
mistum frelsix okkar á 13. öld. Það er ekki
aðeins í efnahagsmálunum, að ríkisstjórnin hefur
brugðist, heldur einnig í utanríkismálum. Ummæli
Braga Sigurjónssonar um þau xx efni voru einngi
mjög athyglisverð. Um þau segir xxxxx Alþýðublaðið
eftir honum:

"Þá vék Bragi að herdvölinni og þeim
ástæðum, er til þess lægju, að þar hefði ríkis-
stjórnin ekki framfylgt yfirlýstri stefnux. Hann
kvaðst ekki hafa orðið þess var, að almenningur
sakfelldi hana fyrir slíkt, eins og heimsmálin
hefðu staðið í haust og stæðu enn. Hitt væri
jafnóbreytt, að almenningur vildi að langsamlegum
meirihluta her úr landi strax og friðvænt yrði í
heiminum, en sjálfur kvaðst hann ekki leyna þeirri
xxx skoðun , að sérx þættu ýmsir ófýsilegir agnúar
á þeirri stefnu, að láta herinn vera ýmist að
koma eða fara eftir veðrum heimsmálanna.

Verður erlendur her okkar ekki enn hættu-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

legri bólguhnútur í efnahagslífinu með slíkum hætti og sem þjóðernislegt og þjóðfélagslegt vandamál heldur en stöðugri seta í smáum stíl, og strangt afmörkuð? spurði ræðumaður".

Auðvitað vill enginn íslendingur hafa her hér í landinu eftir að friðvænlegt er orðið. Um það hefur aldrei verið neinn ágreiningur meðal lýðræðissinna. Getgátur Braga um annað er út í hött. Hér kemur fram tillaga, sem beinlínis gerir ráð fyrir því, að samið verði um dvöl varnarliðsins til langframa. Þegar slík tillaga heyrist frá Braga Sigurjónssyni, sem einn

minnstur allra lýðræðissinna hefur verið á nauðsyn varnar landsins, þá er það vissulega athyglisvert. Því skiljanlegra verður þegar Tíminn setur út á forskrift fyrir stefnu stjórnarliðsins í varnarmálum, að hana eigi að orða þannig, að hún segi í raun og veru ekki neitt, heldur hafa hana á þann veg, að hann geti skilið orðalagið eins og hann helzt vill sjálfur.

Af því, sem ég hefi nú rakið er ljóst að hjá stjórnarliðinu ríkir algert stefnuleysi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og úrræðaleysi varðandi úrlausn efnahagsmálanna og utanríkismálanna, þeirra efna, er helzt var deilt um við síðustu kosningar og ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir í heild, lofuðu að leysa. Þeir höfðu afsökun fyrir marghátttuðum brellibrögðum og svikum á loforðum fyrr og síðar. Er það furðulegt, að greindur maður eins og Bragi Sigurjónsson er, skuli segja, að kosningasamvinna Hræðslubandalagsins í fyrra hafi mælzt mjög vel fyrir meðal kjósenda flokkanna, þegar haft er í huga að flokkar þessir töpuðu stórlega við kosningarnar, eða úr 37,4% niður í 33,9%. Sjálfstæðismenn juku fylgi sitt um meira en þessu nam eða úr 37,1% upp í 42,4% og hafa nú 35 þúsund kjósendur að baki. Enn fer á því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur eflst síðan. Stjórnarliðar verða að hugga sig við það sem Bragi Sigurjónsson segir og herða sig í baráttunni við Sjálfstæðisflokkinn:

"Er hér ekki fleira á bak við en við sjáum? Er ekki núverandi stjórnarsamstarf okkur hagfeldara, en auðstéttinni óhagstæðara en okkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

virðist í fljótu bragði? Á þetta ekki eftir að sýna sig enn betur? "

Skiljanlegt er að baráttu ~~gleðin~~ ~~xxxxx~~ þjeppi forustuliði andstæðinga okkar saman, enda sjá þeir víða auða stóla sem þeir hyggjast geta á sínum tíma unað sér hvíldar í, og ~~lunda~~ raunar ekki allir að láta ýkja lengi bíða þangað til þeir ~~xxxx~~ tylla sér niður. ~~Mér þykir trúlegra~~ ~~að~~ allur almenningur festi sér í huga, það sem hann sér heldur en eitthvað dulið, sem á bak við býr." Héreftir sem hingað til mun reynslan verða ~~xxxx~~ ólygnasti dómarinn. Við Sjálfstæðismenn vitnum enn sem fyrr til reynslunnar. Við ~~leggjum lítið yfir okkar~~ loforðum en reynum að efna því betur það sem við segjum. Við réðum ~~xxxx~~ ~~xxxxx~~ miklu um stjórn landsins á þeim árum, ~~xxxxxxxx~~ síðasta hálfa mannsaldrinum, sem framfarir Íslands hafa orðið meiri en sinni fyrr. Auðvitað sáum við ekki allt rétt fyrir og um sumt skjátlaði okkar.. Trúin á Ísland er okkur í blóð borin. Ástin til frelsis, þjóð og einstaklinga. Þessvegna áttum við ríkan þátt í því að stofnað var lýð-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur